

# LANDSSAMBAND HESTAMANNAFÉLAGA

BÆNDAHÖLL · 107 REYKJAVÍK · S: 91-29899 og 19200 · NNR. 5978—8922.



Stofnað 1949

9. fundur stjórnar L.H. í Bændahöllinni 25.09.90. kl. 15:00.

Mættir: Undirritaðir.

1. Dagskrá Landssambandsþings. Formaður ynnti dagskrá, sem er með hefðbundnum hætti.

Rætt um boðsgesti.

Kjörbréfaneftnd var skipuð og er hún þannig:  
Kristmundur Halldórsson, Elísabet Þórólfssdóttir og Birgir Rafn Gunnarsson.

Rætt var um fundarritara og kom upp nafn Kolbrúnar Úlfssdóttur sem yfirritara og verður talað við hana. Stjórnin finnur síðan fjóra ritara úr hópi fulltrúa.

Aðrir liðir dagskrár voru kynntir og ræddir, en helst ber að nefna, að Landbúnaðarráðherra ætlar að flytja erindi um hrossarækt sem búgrein.

Rætt var um formenn nefnda:

Mótanefnd: Eggert Pálsson, Bjargshóli.  
Fræðslu- og útgáfuneftnd: Gísli Haraldsson, Húsavík.  
Gæðinga- og unglínganefnd: Jóhann Þorsteinsson.  
Kynbótanefnd: Haraldur Sveinsson.  
Allsherjarnefnd: Gísli B. Björnsson.  
Laganeftnd: óákv.  
Ferðanefnd: Stefán Bjarnason, Akureyri.  
Fjárhagsnefnd: óákv.

2. Afgreiðsla tillagna frá síðasta þingi. Tillögur sem samþykkтар voru á síðasta þingi voru skoðaðar og hvaða afgreiðslu þær hafa fengið.
3. Skúli greindi frá ýmsu varðandi landsmótið, sem hefur verið í frágangi að undanförnu. Bjóst hann við að uppgjör yrði tilbúið fyrir þing.
4. Rætt var um ýmiss framkvæmdaatriði landsmóts. Kristbjörg lagði til að hópur eða nefnd fólks, kæmi saman og gerði álit um ýmislegt, sem betur mætti fara og ítreka það sem vel er gert, 8 manns. Formanni og Hjalta falið að finna fólk úr röðum tamningarmanna, dómarar, æskulýðsfulltrúa, stjórn L.H. ráðunaut B.Í. framkvæmdanefnd mótsins og tveggja fulltrúa áhorfenda.

5. Formaður las bréf L.H. til útvarpsráðs, þar sem fundið er að lítlum fréttatflutningi frá landsmóti hestamanna og ýmsu öðru varðandi frammistöðu Ríkisútvarps varðandi hestamennsku.
6. Formaður kynnti bréf frá Búnaðarmálastjóra varðandi kynningu og markaðsstarf fyrir hross erlendis.
7. Formaður kynnti álit millipinganefndar um skipulagsmál. Rætt var um ýmis atriði einkum breytingar á þinghaldi og fulltrúafjölda. Kannað verður hvaða áhrif petta kann að hafa, fyrir næsta fund. Þá kom fram, að breytingar á fyrirkomulagi kosninga fela í sér hvað mestar breytingar frá því sem nú er. Ýmislegt fleira var rætt.
8. Kristbjörg gat þess, að Guðm. Ólafsson væri farin að ókyrrast. Formaður greindi frá því að hann væri með málið á sinni könnu.
9. Erindi frá skátaþreyfingunni um endurskinsmerki. 3000 kr. styrkur samþykktur.
10. Bréf frá Ferðamálaráði kynnt.
11. Bréf Náttúruverndarráðs um merkingu reiðleiða.
12. Bréf um boðun þings Náttúruverndarráðs, þar sem óskað er eftir því, að L.H. skipi fulltrúa, Hjalta falið að finna mann þar sem petta þing er sömu daga og L.H. þingið. Uppástunga kom um Sigurð Þorsteinsson og Árna Waag.

Næsti fundur 10.10. kl. 16:30

-----

Fundi slitið kl. 19:00

Kári Arnórsson  
Gunnar B. Gunnarsson  
Elísabet Þórólfssdóttir.  
Jón Bergsson.

Guðm. Jónsson

Aths. ritara: Kristbjörg og Skúli sátu fundinn, en þurftu að fara rétt fyrir fundarlok.